

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

200. fundur

Föstudaginn 12. september 2014 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Þönglabakka 4, Reykjavík og hófst hann kl. 8:30.

Mætt voru:

Bryndís Haraldsdóttir, S. Björn Blöndal (varamaður fyrir Kristínu Soffíu Jónsdóttur), Sverrir Óskarsson (varamaður Thóðóru S. Þorsteinsdóttur) og Einar Birkir Einarsson.

Fjarverandi voru Almar Guðmundsson (Garðabær) og Sigrún Edda Jónsdóttir (Seltjarnarnes).

Fundinn sátu einnig Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri og Einar Kristjánsson, sviðsstjóri Skipulagssviðs Strætó og Júlía Þorvaldsdóttir, sviðsstjóri Farþegaþjónustusviðs. Fundarritari var Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri Strætó.

Tekið fyrir:

1. Fjárhagsáætlun 2015

Drög að fjárhagsáætlun fyrir 2015 lögð fram. Ekki er gert ráð fyrir auknum framlögum frá eigendum umfram verðlagsbreytingar.

Fjárhagsáætlunin 2015 var samþykkt af stjórn Strætó bs.

2. Gjaldskrármál

Umræða um gjaldskrá.

3. Húsnæðismál

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn fyrirhugaða endurbætur á húsnæði félagsins.

4. Innsent erindi frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) óskar eftir samstarfi í almenningsamgögnum á Suðurnesjum og að gerður verði samstarfssamningur við SSS sambærilega við þá samninga sem gerðir hafa verið við önnur landshlutasamtök. Samþykkt var að veita framkvæmdastjóra umboð til að ganga til samninga við SSS.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Næsti fundur stjórnar er ákveðinn 31. október 2014

Fundi slitið kl. 10:30.

Bryndís Haraldsdóttir

S. Björn Blöndal

Sverrir Óskarsson

Einar Birkir Einarsson

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

201. fundur

Föstudaginn 3. október 2014 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Þönglabakka 4, Reykjavík og hófst hann kl. 8:30.

Mætt voru:

Bryndís Haraldsdóttir, Kristín Soffía Jónsdóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir, Sigrún Edda Jónsdóttir og Gunnar Valur Gíslason.

Fjarverandi var Einar Birkir Einarsson

Fundinn sátu einnig Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri og Júlía Þorvaldsdóttir, sviðstjóri Farþegaþjónustusviðs. Fundarritari var Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri Strætó.

Tekið fyrir:

1. Breyting á stjórn

Fulltrú Garðabæjar, Almar Guðjónsson hættir í stjórn Strætó og nýr stjórnarmaður tekur sæti hans sem fulltrúi Garðabæjar Gunnar Valur Gíslason.

2. Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar

Ólafur Kristinsson formaður endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar, kynnti hlutverk og starf nefndarinnar. Minnisblað lagt fram. Framkvæmdastjóri falið að skoða þetta nánar og koma með tillögu og leggja fyrir stjórn.

3. Fimm ára fjárhagsáætlun Strætó

Umræða um drög að fimm ára fjárhagsáætlun, forsendur og fyrirvara.

4. Gjaldskrármál

Ákveðið var að fresta umræða um gjaldskrármál.

5. Þjónustusamningur við SSS

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) óskar eftir samstarfi í almenningssamgöngnum á Suðurnesjum og að gerður verði samstarfssamningur við SSS sambærilega við þá samninga sem gerðir hafa verið við önnur landshlutasamtök. Stjórn samþykkir samninginn og felur framkvæmdastjóra að undirrita hann.

6. Öryggismyndavélar

Kynning á verkefni er lýtur að notkun öryggismyndavéla í vögnum Strætó og annarra akstursaðila.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Næsti fundur stjórnar er ákveðinn 31. október 2014

Fundi slitið kl. 10:50

Bryndís Haraldsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir

Theódóra S. Þorsteinsdóttir

Gunnar Valur Gíslason

Sigrún Edda Jónsdóttir